

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í Hraunkoti, svæði A og B.*
Um er að ræða tvö skipulagssvæði, A og B. Svæði A er um 315 ha vestan Kiðja-bergsvegur og norðan Höskuldslægjar og eru þar afmarkaðar 208 eldri frístundalóðir auk þjónustusvæðis og svæðis fyrir orlofshús, leikvöll og golfvöll. Svæði B nær yfir 153 ha norðvestan við svæði A og er þar gert ráð fyrir 117 nýjum frístundahúsalóðum.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar í landi Galtar.*
Í breytingunni felst að frístundahús má vera á tveim hæðum og samtals 450 m² að stærð í stað 280 m² á einni hæð. Auk frístundahússins eru heimilaðir bílskúrar allt að 110 m² og bátaskýli á tveim hæðum allt að 180 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. maí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2008